

Sveitarfélagið Múlaþing
Lyngási 12
Egilsstöðum

29. október 2025, Reykjavík
UOS2509240/E.S.F.

Umsögn – Aðalskipulagsbreyting – Gilsárvirkjun í Gilsárdal í Eiðapínghá

Orkusalan ehf. áformar að reisa 6,7 MW vatnsaflsvirkjun í Gilsá í Gilsárdal í Eiðapínghá í Múlaþingi. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnið deiliskipulag þar sem útfærð verður nánari stefna og ákvæði virkjunarinnar svo framkvæmdin og rekstur valdi eins lítilli röskun á umhverfinu eins og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma.

Umsögn

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að á skipulagstigi þarf að liggja fyrir að gera þurfi áhrifamat á vatnshlot fyrir tiltekna framkvæmd sem getur haft áhrif á vatn. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á iðnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar og skilgreiningu á 7 nýjum efnistökusvæðum og felur því í sér framkvæmdir sem munu hafa áhrif á vatnshlot.

Í tillögunni er fjallað um umhverfispáttinn *vatnafar og vatnalíf* þar sem fram koma umhverfismarkmið vatnshlotanna og að rannsókn hafi verið gerð á gæðapáttum í ánni. Stofnunin telur það jákvætt að búið sé að rannsaka gæðapætti í ánni en bendir á að skv. [Vatnavefsjá](#) Veðurstofunnar er vistfræðilegt ástand vatnshlotanna Gilsá 1 (102-1109-R) og Gilsá 2 (102-1225-R) mjög gott en efnafræðilegt ástand beggja vatnshlotanna *óþekkt*. Áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdanna þarf ítarlegra áhrifamat fyrir vatnshlot að liggja fyrir svo leyfisveitendur geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við [Vatnaáætlun 2022-2027](#) og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og þau eru lagalega bindandi en markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Áhrifamat á vatnshlot vegna framkvæmda skal leiða í ljós hvort umhverfismarkmið vatnshlota náist eða ekki. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#) um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat.

Í tillögunni er efnistökusvæði E179 jafnframt skilgreint á áreyrum í lónstæði fyrirhugaðrar virkjunar og því þarf áhrifamatið einnig að innihalda mat á áhrifum efnistökkunnar á vatn á sjálfum framkvæmdatímanum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að skv. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1040/2002 um framkvæmd raforkulaga skulu framkvæmdir á grundvelli virkjunarleyfis vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur